


Dalvíkurbyggð
Börkur Þór Ottósson,
sviðsstjóri
Bæjarskrifstofan ráðhúsinu
620 Dalvík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. desember 2013
Tilvísun: UST20131100057/ksj

Lýsing vegna tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008 – 2020, Klængshól.

Vísað er til erindis sviðsstjóra umhverfis- og tæknisviðs Dalvíkurbyggðar er barst 8. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á landnotkun innan bæjarlands Klængshóls í Skíðadal. Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði en í tillögu að breytingu felst að þar verði gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi.

Náttúruminjar

Klængshóll er innsti bærinn í Skíðadal, sem er þróngur dalur sem liggur inn úr Svarfaðardal. Fjallendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar er svæði nr. 501 á náttúruminjaskrá, en í skránni segir: „*Hálendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar norðan þjóðvegar nr. 1 á Öxnadalsheiði. Á vestanverðum skaganum eru mörk miðuð við 200 m h.y.s, mörk ná víðast í sjó fram á norðanverðum skaganum og á austanverðum skaganum eru mörk í 150-250 m h.y.s. (2) Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum döllum, stórbrotið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálendið liggja fornar leiðir milli byggða.*“

Þar sem hálendið á svæðinu er á náttúruminjaskrá, er mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að þess verði gætt við deiliskipulag og framkvæmdir á svæðinu að byggingar falli vel að landi og af þeim verði ekki neikvæð sjónræn áhrif.

Fráveita

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi í tillögu að deiliskipulagi ofangreinds svæðis áætlanir um fráveitu og að þær verði í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um

fráveitur og skólp og leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir sem Umhverfisstofnun hefur gefið út.

Vjrðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir

Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

Björn Stefánsson

Sérfræðingur